

Jafnvirðisgildi (e. Purchasing Power Parities, PPP) eru vísitölur sem notaðar eru til að umreikna landsframleiðslu einstakra landa til sambærilegs verðlags. Með því að nota jafnvirðisgildi í stað skráðs gengis gjaldmiðla er leiðrétt fyrir áhrifum mismunandi verðlags í löndunum.

Jafnvirðisgildi sýnir hve mikið þarf af gjaldmiðlum einstakra landa til að kaupa sama magn vöru og þjónustu í öðrum löndum. Það þýðir að ef jafnvirðisgildi ákveðinnar vöru fyrir Ísland væri 200 kr/€ myndi vara sem kostar 200 krónur á Íslandi kosta 1€ að jafnaði í samanburðarlöndunum.

Útreikningur jafnvirðisgilda byggist á samanburði verðs á sambærilegum vörum og þjónustu. Eurostat hefur umsjón með verkefninu og annast úrvinnslu gagnanna.

Upplýsingar um aðferðafræði við útreikning jafnvirðisgilda má finna í handbók [Eurostat og OECD: Eurostat-OECD Methodological Manual](#).